

Borgarstjórinn í Reykjavík
Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsið
101 Reykjavík

4. september 2014

Erindi: Skil á niðurstöðum starfshóps um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri, ásamt greinargerð hópsins.

Starfshópurinn var skipaður af borgarstjóra á síðasta kjörtímabili og starfaði fram til loka tímabilsins.

Í framhaldi af skilum til borgarstjóra er gert ráð fyrir að drögin verði send til umsagnar viðkomandi fagraða sem hafa með málefni ungs fólks að gera innan borgarinnar.

Berist ábendingar sem mögulega leiða til breytinga á framsetningu stefnunnar þá lýsir starfshópurinn sig reiðubúinn, verði þess óskað, að endurskoða textann.

Hópurinn er einnig reiðubúinn að hafa umsjón með útgáfu stefnunnar og eftirfylgd.

Virðingarfyllst,



Eva Einarssdóttir

Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri Greinargerð starfshóps

4. 9. 2014

Starfshópur um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri hefur lokið störfum og skilar nú af sér til borgarstjóra drögum að stefnu borgarinnar.

Í samþykkt borgarstjórnar frá 18. okt. 2011 segir:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að vinna stefnumótun í málefnum ungs fólks, 16 ára og eldri. Stefnumótunin miði að aukinni virkni ungs fólks og að markvisst verði unnið gegn fjölgun ungs fólks í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík. Stefnumótunarvinnan skoði sérstaklega þau tækifæri sem frístundamiðstöðvar borgarinnar, auk Hins hússins, hafa upp á að bjóða til að efla virkni ungs fólks í hverfum borgarinnar. Stefnumótunin verði unnin í nánú samstarfi skóla- og frístundasviðs, íþróttá- og tómstundasviðs, og velferðarsviðs og til ráðgjafar verði mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Reykjavíkurráð ungmenna.

Í framhaldi af samþykkt borgarstjórnar var skipaður starfshópur kjörinna fulltrúa: Eva Einarsdóttir formaður, Björk Vilhelmsdóttir, Sóley Tómasdóttir og Marta Guðjónsdóttir. Verkefnisstjóri var Gísli Árni Eggertsson, skrifstofustjóri ÍTR.

Í erindisbréfi hópsins eru helstu verkefni og hlutverk skilgreind:

Hlutverk:

- Að vinna heilstæða stefnumótun í málefnum ungs fólks samkvæmt samþykkt borgarstjórnar.

Helstu verkefni:

- Að skilgreina hlutverk borgarinnar í málefnum ungs fólks, m.a. Með hliðsjón af lögum, samþykktum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- Að vinna að stefnumótun í málefnum ungs fólks, 16 ára og eldri. Í stefnumótuninni skal útfæra og tímasetja tillögur til næstu fjögurra ára á mögulegum úrræðum til að stuðla að aukinni virkni ungs fólks.
- Að setja fram tillögur sem vinna markvisst gegn fjölgun ungs fólks í hópi þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð í Reykjavík.
- Að horfa til erlendra fordæma og fyrirmynda, kortleggja þjónustu, stofnanir, frjáls félagasamtök og úrræði sem er til staðar, meta árangur og þarfir út frá hlutverki borgarinnar og gera tillögur eftir því sem tilefni er til

Starfshópurinn hefur frá því hann var skipaður haldið fjölda formlegra funda auk óformlegri vinnufunda verkefnisstjóra, formanns og fleiri úr hópnum. Nokkrir kynningarfundir á stefnumótunarvinnunni voru einnig haldnir með hagsmunaaðilum. Áhersla hefur verið lögð á að ná fram sjónarmiðum unga fólksins sjálfs, sérstaklega þeirra sem að einhverju leyti standa höllum fæti í samfélaginu.

Starfshópurinn setti sér í upphafi áætlun um verklag og tímaáætlun þar sem gert var ráð fyrir að drög að stefnunni yrðu tilbúin til kynningar í maí 2012. Sökum umfangs verkefnisins varð fljótlega ljóst að sú tímasetning stæðist ekki. Einnig hvarf hópurinn frá því að aðgerðabinda áherslur sem fram koma. Í stað þess er viðkomandi sviðum gert að tengja stefnuna við starfsáætlanir sínar og tengja sameiginlega þá þætti sem eiga við um borgina í heild. Bent er á að í stefnunni er sérstök áhersla lögð á þróun úrræða í nærumhverfi ungs fólks og hlutverk hverfapjónustu undirstrikað.

Starfshópurinn leitaðist við að skilgreina þá hagsmunahópa sem leitað yrði samráðs við í stefnumótunarferlinu með sérstakri áherslu á unga fólkið sjálft, samtök þeirra og málsvara. Í þessum tilgangi var boðað til „stórfunda“ með helstu hagsmunaaðilum í þeim tilgangi að fá fram ákveðið stöðumat, sjónarmið og áherslur. Á fundina komu alls um 150 manns, bæði ungt fólk og fagaðilar frá sviðum borgarinnar, sem skiluðu umfangsmiklum tillögum og ábendingum til starfshópsins.

Við framsetningu stefnunnar horfir starfshópurinn meðal annars til nokkurra lykilhugtaka sem einkenna helstu málaflokka er varða ungt fólk:

- Menntun og þjálfun
- Atvinna og frumkvöðlastarf
- Heilsa og vellíðan
- Virk þátttaka
- Sjálfbodaþjónusta / starfsemi
- Samfélag án aðgreiningar / jöfn tækifæri
- Ungt fólk og heimurinn
- Sköpun og menning
- Húsnæðismál og búseta
- Samgöngumál

Vinna hópsins beindist að því að útfæra texta stefnunnar varðandi hvern málaflokk út frá fyrirliggjandi gögnum frá fundum með hagsmunaaðilum og öðru efni sem hópurinn viðaði að sér. Þegar drög að stefnunni lágu fyrir var í Hinu Húsinu haldinn fundur með ungu fólk þar sem safnað var saman ábendingum áður en lokadrög yrðu send borgarstjóra. Við lokaúrvinnslu leitaðist starfshópurinn við að setja stefnuna fram á einfaldan og skýran hátt og taka tillit til ábendinga sem borist höfðu.

Starfshópurinn hefur einnig haft til hliðsjónar erlent efni en stefnumótun í málefnum ungs fólks hefur verið forgangsverkefni hjá Evrópuráðinu og Evrópusambandinu og stefnur yfir 20 evrópuþjóða aðgengilegar á vefnum. Flestar stefnur í æskulýðsmálum í Evrópu deila eftirtöldum markmiðum: Að stuðlað sé að virkri þátttöku ungs fólks, að litið sé á ungt fólk sem auðlind, að viðurkenning á óformlegu námi sé efld, að allt ungt fólk eigi sömu tækifæri og að stuðlað sé að menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og samlögun ungs fólks af ólíkum uppruna.

Bent er á að fram hefur farið á vegum borgarinnar stefnumótunarvinna sem snertir ungt fólk á öðrum sviðum og hafa verið til hliðsjónar. Þar á meðal er endurskoðuð forvarnastefna borgarinnar og stefnumótun varðandi þjónustu við fatlaða, atvinnumál, skipulagsmál og fl. Einnig er vísað til þess að undanfarin misseri hafa verið í gangi ýmis þróunarverkefni fyrir aldurshópinn.

Í framhaldi af umfjöllun í borgarstjórn, 15. apríl sl. um drög að stefnunni, er gert ráð fyrir að drögin verði send til umsagnar viðkomandi fagraða sem hafa með málefni ungs fólks að gera innan borgarinnar.

Berist ábendingar sem mögulega leiða til breytinga á framsetningu stefnunnar þá lýsir starfshópurinn sig reiðubúinn að endurskoða textann.

Virðingarfyllst,

Eva Einarsdóttir

Reykjavík – borg fyrir ungt fólk

Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri

Inngangur.....	1
Uppeldi og menntun.....	2
Virgni og þátttaka.....	3
Sjálfsmynd, heilsa og vellíðan.....	3
Samfélag án aðgreiningar.....	4
Ungt fólk og heimurinn.....	5
Húsnæði, samgöngur og velferð ungs fólks.....	5
Sköpun og menning.....	6
Innleiðing og eftirfylgni.....	7

Inngangur

Stefnumótun Reykjavíkurborgar í málefnum ungs fólks, 16 ára og eldri, er langtímaáætlun. Henni er ætlað að ná ákveðnum markmiðum og veita yfirsýn yfir aðstæður ungs fólks. Stefnumótunin vinnur þvert á svið borgarinnar og henni er ætlað að hafa jákvæð áhrif á starfsemi þeirra, verkefni og starfsáætlanir. Stefnumótunin er ætluð fleirum sem hlutverki hafa að gegna, svo sem félögum og samtökum, ríkisvaldinu og aðilum vinnumarkaðarins. En umfram allt er hún ætluð unga fólkinu sjálfu og snýst um hlutverk þess og vilja til athafna.

Við undirbúning stefnumótunarinnar var lögð áhersla á virkt samráð við ungt fólk og faghópa. Horft var til annarra stefna borgarinnar, auk stefnumótunar nágrannaríkjanna og á vettvangi Evrópusamstarfs. Í evrópskri stefnumótun um menntun og þjálfun ungs fólks má sjá mikinn vilja til þess að tryggja öruggan aðgang að formlegu námi og einnig til þess að líta á óformlegt nám sem vettvang þar sem virgni og lýðræðisleg þátttaka er í hávegum haft. Eins má greina áherslu á félagslega aðlögun, umburðarlyndi og menningarlega fjölbreytni. Sömu megináherslur komu frá unga fólkinu og fagfólki borgarinnar í samráðsferlinu. Nærumhverfi og hlutverk hverfanna í þjónustu og samráði við ungt fólk verða í brennidepli við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar.

Reykjavíkurborg vill leitast við að laða fram skuldbindingu ungs fólks við sjálft sig og samfélagið þar sem samþætting vinnumarkaðsúrræða, félagslegs stuðnings, menntakerfis og óformlegs náms ríkir. Því er leitast við að skilgreina, formgera og virkja samfélagsúrræði sem borgarsamfélagið býr yfir og gera þau aðgengileg ungu fólki. Samspil menntunar, formlegrar eða óformlegrar, og þátttöku á vinnumarkaði, eykur skilning á okkur sjálfum og samfélagi okkar. Mikilvægt er að öll menntun og reynsla sem ungt fólk aflar sér leiði til skapandi og gagnrýnnar hugsunar en slíkt er forsenda frumkvæðis og nýsköpunar. Fritími og félagslíf er mikilvægur vettvangur fyrir óformlegt nám og skapandi athafnir sem nýtast einstaklingnum vel og geta verið öflugt mótvægi við þá áhættu sem fylgir langvarandi fjarveru frá skóla eða vinnumarkaði. Þrátt fyrir þessi grunnildi er margt sem vinnur gegn virkri þátttöku ungs fólks í samfélaginu og ýtir undir aðskilnað þess frá fullorðnum. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að unnið sé gegn neikvæðum viðhorfum til ungs fólks og staðalmyndum um getu þeirra. Stefnumótun Reykjavíkurborgar er ætlað að vera áskorun fyrir ungt fólk, fullorðna og stjórnvöld en jafnframt grundvöllur að nýjum sáttmála milli ungs fólks og samfélagsins sem það tilheyrir.

Stefnumótun í Evrópu

Flestar stefnur í æskulýðsmálum í Evrópu deila eftirtöldum markmiðum:

- að stuðlað sé að virkri þátttöku ungs fólks
- að litið sé á ungt fólk sem auðlind
- að viðurkenning á óformlegu námi sé eflid
- að allt ungt fólk hafi sömu tækifæri
- að stuðlað sé að menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og samlögun ungs fólks af ólíkum uppruna

Uppeldi og menntun

Samfélag fólks með ólíka menntun, reynslu og þekkingu er skapandi og eftirsóknarvert.

Menntunarmöguleikar eiga að vera fjölbreyttir, aðgengilegir og án aðgreiningar. Þeir þurfa að vera formlegir, óformlegir og í formi sí- og endurmenntunar. Taka verður tillit til áhugasviðs og aðstæðna og gera fólki kleift að leggja stund á nám við hæfi. Frístundastarf og óformlegt nám þarf að meta í auknum mæli á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt.

Menntun er ekki bara sjálfstætt og einangrað viðfangsefni sem stundað er í þar til gerðum stofnunum. Menntun fæst einnig á óformlegan hátt í gegnum fjölbreytileg verkefni í fjölskyldulífi, félagsstarfi eða á vinnumarkaði. Óformleg menntun gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að virkni og þátttöku einstaklinga í samfélaginu, umburðarlyndi og samfélagslegri ábyrgð.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Grunnskólar borgarinnar verði í fararbroddi við innleiðingu menntunar um lýðræði í skólastarfi, stuðli að gagnrýnni hugsun, sterkri sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda og verði þannig hvatning til frekara náms.
- Grunnskólar borgarinnar geri ráð fyrir fjölbreyttu áhugasviði nemenda og kynni þeim fjölbreytt námstilboð, bóklegt, verklegt og skapandi. Ungt fólk hafi raunverulegt val um menntun út frá styrkleikum sínum og áhugasviði.¹
- Reykjavíkurborg einsetji sér að vera í góðu og nánú samstarfi við samtök framhaldsskólanema í stefnumörkun og ákvarðanatöku.

- Gott og faglegt samstarf sé við ríkisvaldið um framhalds- og háskólamenntun og þróun úrræða þar sem unnið er gegn brottfalli úr námi og einnig úrræða sem auðvelda endurkomu ungs fólk í skóla.
- Boðið sé upp á stuðning og ráðgjöf og námsframboð utan hins hefðbundna framhalds- og háskólastigs, svo sem með rekstri Námsflokka, símenntunar- og sjálfboðaliðatilboðum.
- Náms- og starfstengd tilboð við hæfi séu til staðar á vegum borgarinnar fyrir ungt fólk sem hvorki er í formlegu námi né á vinnumarkaði.
- Menntun sem sem fæst gegnum þátttöku í félags- og frítímastarfi verði viðurkennd og leiðir þróaðar til að meta hana að verðleikum.
- Boðið verði upp á náms- og starfsráðgjöf, bæði innan grunnskólakerfisins og á vegum frístunda- og þjónustumiðstöðva.
- Þjónusta við ungt fólk verði mótuð og þróuð, bæði hvað varðar formlegt og óformlegt nám, í samráði við ungt fólk í takt við þá þróun sem á sér stað í samfélaginu.

Virgni og þátttaka

Ungt fólk þarf tækifæri til áhrifa og þátttöku í samfélaginu. Það á að hafa aðgang að menntun, félags- og sjálfsboðaliðastarfi og atvinnu og það á að fá stuðning og tækifæri í samræmi við aldur og þroska. Framlag ungs fólks til vinnumarkaðar og samfélags er dýrmætt og eykur grósku og fjölbreytni. Góð reynsla ungs fólks af vinnumarkaði hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust, frammistöðu og atvinnuþátttöku til lengri tíma. Gera þarf raunhæfar kröfur, veita viðeigandi stuðning og meta framlag ungs fólks að verðleikum.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Framlag ungs fólks á vinnumarkaði sé metið að verðleikum og því sköpuð tækifæri til starfsþjálfunar og tekna með Vinnuskóla og fjölbreyttum störfum, sér í lagi yfir sumartímann.
- Staðið sé að hvetjandi samstarfi við ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins um eflingu atvinnuþátttöku ungs fólks og nýta í þeim tilgangi fjölbreytta starfsstaði borgarinnar.
- Úrræði fyrir einstaklinga sem njóta framfærslu borgarinnar verði þróuð og eflað og unnið sé gegn áhrifum langtímaatvinnuleysis, svo sem félagslegri einangrun og fátækt, með fyrirbyggjandi aðgerðum.
- Skipulagt frístundastarf fyrir ungt fólk á vegum félaga og samtaka og borgarinnar sé hvatning til virkrar þátttöku, frumkvæðis og ábyrgðar.
- Formlegt samráð borgar og ungs fólks verði eflað og þróað, t.d. gegnum ungmennaráðin. Tryggt sé að þar hafi ungt fólk raunhæf tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Frístundaþjónusta á vegum borgarinnar verði eflað, sér í lagi fyrir ungmenni úti í hverfum.
- Úrræði Hins Hússins, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva varðandi upplýsingamiðlun, félagsleg úrræði, ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk verði styrkt.

Sjálfsmynd, heilsa og vellíðan

Heilbrigði snýst ekki bara um að vera laus við sjúkdóma og heilsubrest, heldur að njóta líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðunar. Til að stuðla að heilbrigði fólks verður samfélagið að byggja á virðingu fyrir fjölbreytileika og skapa aðstæður fyrir heilbrigða hreyfingu, næringu og kynhegðun.

Sanngjarnt samfélag mætir vanda fólks og stundar öflugar forvarnir á sama tíma. Félagsleg einangrun og bjargarleysi hefur neikvæð áhrif á líðan fólks, á meðan félagsleg virkni og tækifæri til áhrifa bæta líðanina.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Ýtt verði undir virka þátttöku ungs fólks í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi og stuðning fjölskyldunnar sem stuðlar umfram annað að heilbrigðum lífsstíl.
- Próaðar verði aðferðir til að stemma stigu við notkun vímuefna meðal ungs fólks.
- Staðið verði að könnunum á högum ungs fólks og mati á skilvirkni fjölbreyttra forvarnaraðgerða.
- Upplýsingum um hagi ungs fólks sé miðlað til foreldra og forráðamanna.
- Forvarnir í nærumhverfi verði nýttar til þróunar sértækra úrræða.
- Aukin áhersla verði lögð á forvarnir gegn hverskonar ofbeldi sem ógnar ungu fólki.
- Staðið sé fyrir fræðslu og opinskárri umræðu um ofbeldi af öllum toga með áherslu á ábyrgð gerenda.

Úr forvarnastefnu Reykjavíkurborgar

„Þrátt fyrir góðan árangur meðal 13-15 ára unglinga hefur þróunin ekki verið á sama veg í aldurshópnum 16-20 ára. Sérstakt áhyggjuefni eru þeir sem hvorki eru í námi né vinnu en hjá þeim mælast allir áhættuþættir hærrí og sumir verulega hærrí en hjá þeim sem stunda formlegt nám. Meginmarkmið endurskoðaðrar forvarnastefnu beinast að því að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur meðal barna og unglinga, hlúa að verndandi þáttum allt frá fyrstu æviárum barna og efla forvarnastarf meðal 16-20 ára.“

Samfélag án aðgreiningar

Allt ungt fólk á að njóta sömu tækifæra og jafnræðis í aðgangi að gæðum samfélagsins. Tímabilið milli bernsku og fullorðinsára er áfangi í félagslegum þroska og kjörið fyrir þróun sköpunargáfu, persónuleika, eigin skoðanamyndunar og ábyrgðar. Reykjavíkurborg telur brýnt að stuðla að félagslegri virkni og vinna gegn einangrun til að tryggja vellíðan og framlag fólks til samfélagsins inn í framtíðina. Sérstök þörf er fyrir stuðning við ungt fólk sem stendur höllum fæti í samfélaginu og nýtur ekki sömu tækifæra og aðrir.ⁱⁱ

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Stuðla þarf að virkni ungs fólks sem tilheyrir minnihlutahópum og áhættuhópum, svo sem vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna.
- Fjölmenningarleg vitund og hæfni ungs fólks verði eflað.
- Mótuð verði stefna um félagslega vernd í samfélaginu og stuðning við starfsemi án aðgreiningar.
- Viðurkenna þarf áskoranir sem ungt fólk mætir og umbuna því fyrir góðan árangur, meðal annars með sérstökum viðurkenningum.
- Viðurkenna þarf að fólk sem tilheyrir mörgum minnihlutahópum getur orðið fyrir meiri mismunum en aðrir, s.s. vegna kynhneigðar, fötlunar og uppruna.

Úr mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

- Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð Reykjavíkurborgar og stofnana hennar hafi jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi.

- Börnum og unglíngum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með æskufólki.
- Fræðsluþróun í Reykjavík, svo og stjórnendur félags- og tómstundastarfs, styrki jákvæða kynimynd stúlkna og pílta og vinni gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar meðal unglínga.

Ungt fólk og heimurinn

Ungt fólk á að geta ferðast um heiminn og búið á ólíkum stöðum til lengri og skemmri tíma. Þekking og skilningur á fjölbreyttum hefðum og menningu vinnur gegn fordómum og leiðir til betra alþjóðasamfélags. Aðgerðir til að auka virðingu fyrir fjölbreytileika og skilning á fjölmenningu er umfangsmikið viðfangsefni á mörgum sviðum samfélagsins. Stór hluti alþjóðlegra samskipta ungs fólks á rætur í menningu, félagslífi, eigin frumkvæði og atvinnuþátttöku. Hreyfanleiki og alþjóðahyggja eru lykilhugtök þegar fjallað er um stöðu ungs fólks í veröldinni. Alþjóðahyggja vísar til þess að þjóðir telji hag sínum betur borgið í samstarfi margra þjóða og að sameiginlegir hagsmunir þeirra skipti meira máli en munur þeirra í milli. Í því felist aukin tækifæri fyrir heildina og einstök lönd.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Ungu fólki gefist tækifæri til að nýta sér kosti alþjóðlegra samskipta.
- Ungt fólk af ólíkum uppruna og þjóðlöndum eigi þess kost að taka þátt í verkefnum þar sem sjónum er beint að borgaralegum rétti ungs fólks, fjölmenningslegum skilningi og baráttu gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri.
- Reykjavíkurborg stuðli að auknum samskiptum ungs fólks í samstarfi við Norðurlöndin og önnur Evrópuríki. Þróast hefur víðtækt samstarf um styrkjakerfi sem nýst hafa mörgum hópum og einstaklingum svo sem til náms, þátttöku í verkefnum og menningarstarfi, ungmennaskiptum og sjálfböðastarfi.

Húsnæði, samgöngur og velferð ungs fólks

Reykjavíkurborg á að vera góður staður til að búa á og heimsækja. Til þess að svo megi vera þurfa húsnæðismál, samgöngur, frístundamál, mennta- og velferðarkerfi að vera samkeppnishæf við aðrar borgir, sér í lagi með tilliti til þarfa ungs fólks.

Aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði eru mannréttindi ekki forréttindi. Mikilvægt er að ungt fólk hafi raunhæft val um hvort það leigir eða kaupir húsnæði. Húsnæðisuppbygging næstu ára á að vera nærri góðum almenningssamgöngum og þjónustu, s.s. leik- og grunnskóla og frístundaþjónustu.

Það á ekki að vera forsenda góðs lífs að eiga bíl. Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á samgöngur þar sem tekið er tillit til þarfa fólks sem kys að ferðast gangandi, hjólandi eða með strætó.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Stuðlað sé að langtímaleigumarkaði með fjölbreyttum búsetumöguleikum, einkum á svæðum sem auðvelt er að þjóna með almenningssamgöngum.
- Stuðlað verði að enn frekari uppbyggingu námsmannaíbúða.
- Stuðlað sé að auknu framboði af smærri íbúðum til að fjölga valmöguleikum ungs fólks.

- Reykjavíkurborg vinni ásamt ríkisvaldinu að því að jafna stuðning milli leigjenda og kaupenda í formi húsnæðisbóta.
- Stuðla þarf að öflugra kerfi almenningsgangna, uppbyggingu hjólreiða- og göngustíga og innleiðingu ódýrari ferðamáta.
- Stuðlað sé að nægu framboði dagforeldra og leikskóla í öllum hverfum til að styðja við ungar fjölskyldur.
- Stuðlað sé að fjölbreyttum frístundamöguleikum fyrir barnafjölskyldur í borginni.

Hjólaborgin Reykjavík

Hjólreiðaáætlun er ætlað að skapa umhverfi sem hvetur til hjólreiða þannig að Reykjavík verði góð hjólaborg.

Reykjavíkurborg hefur það að leiðarljósi að huga að hjólreiðum við gerð allra umferðarmannvirkja. Markvisst verður unnið að því að efla öryggistilfinningu hjólreiðafólks og kynna vandlega nýjar lausnir í hjólastígamálum.

(http://reykjavik.is/sites/default/files/skiol/thionustulysingar/hjolreidaa_tlun_LOW_OK.pdf)

Úr húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar

„Að Reykjavíkurborg tryggi húsnæðisframboð í samræmi við þarfir hverju sinni. Á næstu árum þurfi að auka framboð af smærri íbúðum, burtséð frá eignarformi, til að auka val og möguleika tekjuminni hópa og ungs fólks.“

„Sérstakur stuðningur í formi lóðaúthlutana verði endurskoðaður þannig að húsnæðissamvinnufélög og félagasamtök, sem munu bjóða upp á leigu- og búseturéttaríbúðir á viðráðanlegum kjörum ætlað ungu fólki og tekjulægra fólki, fái forgang á úthlutun lóða að uppfylltum þeim skilyrðum sem Reykjavíkurborg setur.“

(http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skiol/skiol_utgefid_efni/h_sn_isstefna_reykjav_kur_30.09.2011.pdf)

Sköpun og menning

Sköpun er sá hluti mannglegrar getu sem umfram annað auðgar lífið, gerir fólk færara um að mæta daglegum áskorunum og stuðlar að samstarfi, samstöðu og framförum í samfélaginu. Skapandi lausnir á flóknum viðfangsefnum eru mikilvægar fyrir nýsköpun og drifkrafta í nútímasamfélagi.

Ekki er eingöngu litið á sköpunarkraft sem eitthvað sem fólk fær í vöggugjöf heldur hæfileika og færni sem mögulegt er að þjálfra og bæta. Hugmyndir manna um tilgang sköpunar með tilliti til uppeldis nýrra kynslóða og menntunar hafa í tímans rás þróast og breyst. Sköpun er nú einn af grunnþáttum menntunar á öllum skólastigum og samþætt öllu námi fram að lokum framhaldsnáms.

Sköpun blómstrar í samfélögum þar sem frjáls, óhindruð og opin samskipti eru milli fólks og menningu er tekið sem sjálfsögðum hlut.

Áherslur Reykjavíkurborgar

- Ungu fólki verði skapaður vettvangur til að sinna hugðarefnum sínum og hrinda hugmyndum framkvæmd.
- Listviðburðir ungs fólks verði studdir með ráðum og dáð.
- Möguleikar ungs fólks til skapandi starfa verði eflir.
- Framlag ungs fólks til menningar og lista verði sýnilegt í borginni og endurspeglit í stefnumótun sviða og stofnana borgarinnar.

Úr menningarstefnu Reykjavíkurborgar

„Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði og hafi tækifæri til að blómstra á eigin forsendum. Sköpuð sé aðstaða og rými fyrir kraftmikið listalíf.“

Úr menningarstefnu ríkisins

„Nútímasamfélag kallar á sveigjanleika og opið hugarfar til að takast á við síbreytilegar aðstæður. Óflugt og markvisst menningar- og listuppeldi er forsenda fyrir þróun samfélags skapandi einstaklinga. Það styrkir meðvitund um menningararfinn, ýtir undir skapandi og frumlega hugsun.“

Innleiðing og eftirfylgni

Stjórnsýslusvið borgarinnar bera ábyrgð á að þeir þættir í stefnumótuninni sem að þeim snúa rati inn í starfsáætlanir og áherslur og að unnið sé að málefnum ungs fólks í samræmi við heildarstefnu borgarinnar.

Allir sviðsstjórar bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar innan viðkomandi sviðs. Stofnanir sem undir þá heyrta geri aðgerðaáætlanir sem byggja á stefnunni eftir því sem við á.

Sviðin skulu hafa með sér samráð um þá þætti stefnunnar sem ganga þvert á starfsemi borgarinnar. Þetta á sérstaklega við um samráð við unga fólkið sjálft og samtök þess en einnig um afmörkuð verkefni er snúa að borginni í heild, svo sem styrkveitingar til verkefna, rannsóknir er varða hagi ungs fólks, kynningu á ákvörðunum sem varða ungt fólk sérstaklega og mat á framlagi þess til samfélagsins.

Til að ná markmiðum stefnunnar er mikilvægt að stofnanir og félagasamtök hvers hverfis hafi með sér samráð og virki ungt fólk og samtök þess til ákvarðanatöku og þróunar starfsemi.

ⁱ Sjá stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar, http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna-skolianadgreiningar1.pdf

ⁱⁱ Sjá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, <http://reykjavik.is/mannrettindastefna-reykjavikurborgar>